

**Reykjavík 23. október 2023**

**Berist til: Mennta- og barnamálaráðuneytis**

**Umsögn frá skólamálanefnd Félags grunnskólakennara**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambættingu þjónustu o.l.)**

**Mál nr. 240**

**Almennt:**

Í frumvarpinu er fjallað um að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í gerð stefnu um grunnskólahlald en ekki er ljóst með hvaða hætti eða hver ber ábyrgð á að því sé fylgt eftir. Á fleiri stöðum í frumvarpinu er fjallað um aukið nemendalýðræði en skortir viðmið til að vinna eftir fyrir skóla/sveitarfélög til að tryggja jafnan rétt. Um hlutverk umsjónarkennara er mikið rætt. Í dag eru umsjónarkennarar með jafn mikla kennsluskyldu og aðrir kennarar, ásamt þeirri ábyrgð sem þeim er falin er tengjast umsjóninni. Til að geta raunverulega sinnt öllum þeim hlutverkum sem umsjónin felur í sér þarf að endurskoða þann tíma sem umsjónarkennurum er ætlaður til að sinna fjölbreyttum verkefnum umsjónarinnar. Skólamálanefnd vill einnig beina sjónum Mennta- og barnamálaráðuneytis til tveggja ályktana frá ársfundi Félags grunnskólakennara sem báðar hafa beina tengingu inn í umfjöllun um þetta frumvarp.

Ályktun um kennaraskort:

[https://www.ki.is/media/o5fdcvfq/%C3%A1lyktun-um-kennaraskort-%C3%AD-grunnsk%C3%B3lum\\_2023.pdf](https://www.ki.is/media/o5fdcvfq/%C3%A1lyktun-um-kennaraskort-%C3%AD-grunnsk%C3%B3lum_2023.pdf)

Ályktun um fjölgun nemenda með erlendan bakgrunn:

<https://www.ki.is/media/wbto2qpp/%C3%A1lyktun-vegna-fj%C3%B6lgunar-nemenda-me%C3%B0-erlendan-bakgrunn--2023.pdf>

II. KAFLI

**Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.**

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsli. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Nemendum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð stefnu um grunnskólahlald.

Telst óljóst hvernig staðið skal að þessu verkefni. Er það á ábyrgð sveitarfélaganna að boða nemendur til fundar/nemendafings? Hér þarf að skýra betur hver ber ábyrgð.

## 18. gr.

Á eftir 2. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsfólki grunnskóla ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld nemenda. Starfsfólki ber að fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum nemanda sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt. Starfsfólki grunnskóla ber að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi. **Hér þykir óljóst hver það er sem ber ábyrgð, getur það verið kokkurinn eða húsvörður? Er það hvers skóla að setja upp verkferla þessu tengt? Við hvaða teymi er átt í þessu samhengi?**

## 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 6. og 7. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nemendur eiga rétt á að tjá sig um mál sem þá varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Við meðferð og úrlausn máls sem varðar nemanda skal taka tillit til sjónarmiða og skoðana nemandans í samræmi við hagsmuni hans hverju sinni.

b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim, stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila og veitir leiðbeiningar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

**Ábyrgð og starf umsjónarkennara er orðið það viðtækt að gefa þarf raunverulegan tíma til að hægt sé að sinna starfinu. Með aukinni ábyrgð og fjölgun verkefna þarf að tryggja fjármagn svo hægt sé að fækka kennslustundum hjá umsjónarkennurum sem kenna jafnmargar kennslustundir og þeir sem ekki sinna umsjón. Sveitarfélög hafa ekki viðurkennt þennan mun milli umsjónarkennara og almennra grunnskólakennara vegna aukins kostnaðar. Nú er verið að vinna frumvarp sem eykur enn á ábyrgð og hlutverk umsjónarkennara og því mikilvægt að umsjónarkennara sé gert mögulegt að sinna starfinu.**

## 21. gr.

Á eftir orðinu „þeirra“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna kemur:

stuðningsþörfum. **Ályktun frá ársfundi um fjölgun barna af erlendum uppruna.** <https://www.ki.is/media/wbto2gpp/%C3%A1lyktun-vegna-fj%C3%B6lgunar-nemenda-me%C3%B0-erlendan-bakgrunn--2023.pdf>

**Ársfundur Félags grunnskólakennara lýsir yfir miklum áhyggjum vegna skorts á skipulagi, fjármögnun og mönnum þegar kemur að fjölgun barna með erlendan bakgrunn í grunnskólum landsins. Stuðningsþörfin er mikil og finna þarf leiðir til að styrkja þær þjargir sem kennurum veitast þegar taka skal á móti nemendum með**

erlendan bakgrunn. Fleira þarf til en kennitölu barns til að hægt sé að taka á móti nýjum nemendum með fullnægjandi hætti.

#### 26. gr.

Á eftir 1. mgr. 24. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við gerð aðalnámskrár skal farsæld nemenda höfð að leiðarljósi. Nemendum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð aðalnámskrár. **Vinna er þegar hafin við endurskoðun aðalnámskrár hefur þessi breyting skilað sér til þeirra hópa sem vinna að breytingunni? Kemur eitthvað fram um að veita kennurum tækifæri? Hverra er það að framkvæma þetta? Hér er lagt til að einhver sé ábyrgðaraðili á að þessi vinna sé framkvæmd. Einnig er hér minnt á þann þátt að þegar ný aðalnámskrá tekur gildi þarf að tryggja fjármagn og aðstöðu til að kennarar nái utan um þá vinnu sem breytingin felur í sér.**

#### 27. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna bætist: og nemendur. **Hér er verið að stuðla að auknu nemendalýðræði. Ef þetta á fram að ganga er mikilvægt að skólar hafi viðmið til að vinna eftir.**

#### ***Virðingarfyllst, skólamálanefnd Félags grunnskólakennara***

Kolbrún Guðmundsdóttir formaður  
Kristín Björnsdóttir  
Guðbjörg Íris Atladóttir  
Árný Jóna Stefánsdóttir  
Dagný Rósa Úlfarsdóttir  
Pollý Rósa Brynjólfsdóttir  
Þórey Björk Hjaltadóttir